

Sp.

366. Skýrsla

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1980 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð í febrúar 1980 gáfu samstarfsaðilar út stjórnarsáttmála fyrir hið nýja ráðuneyti. Í þessum sáttmála er eftirfarandi kafli um utanríkismál o. fl.

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskistofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málflokka á Keflavíkurflugvelli.“

Í þessum ákvæðum felast engin meiri háttar nýmæli og verður því fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförunum árum.

Alkunna er að einn stjórnarflokkanna — Alþýðubandalagið — hefur í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum. Er sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Eftir að nýkjörið Alþingi kom saman í desember 1979 kaus það að vanda utanríkismálanefnd og var formaður hennar kjörinn Geir Hallgrímsson. Vænti ég þess að milli nefndarinnar, mín og ráðuneytisins takist gott og traust samstarf, eins og verið hefur á undanförunum árum.

II. Alþjóðamál.

Frá því að fyrirrennari minn, Benedikt Gröndal, lagði fram síðustu skýrslu til Alþingis um utanríkismál á síðastliðnu vori hafa mikil og alvarleg tíðindi orðið í heiminum. Ber þar að sjálfsögðu hæst hernaðarlega íhlutun Sovétmanna í Afganistan og þá versnandi sambúð austurs og vesturs, sem m. a. má rekja til þessarar innrásar. Einnig eru orkumálin og margföldun olíuverðs farin að marka djúp spor í þróun alþjóðamála og auka á spennuna í heiminum, enda eru helstu olíulindir jarðar á svæðum, þar sem miklir atburðir hafa verið að gerast.

Ég mun fjalla nánar um þróunina í þessum málum í einstökum köflum skýrslu minnar, en tel þó nauðsynlegt að minnst strax í upphafi þessarar skýrslu á þá tvo atburði, sem hæst hefur borið: Innrás Sovétmanna í nágrennaríki sitt, Afganistan, og töku bandaríska sendiráðsins í Teheran og gíslana þar.

Í báðum tilvikum er um að ræða gróf brot á grundvallaratriðum þeirra reglna, sem gilda í samskiptum ríkja. Verði ekki brugðist ákveðið við er sú hætta yfirvofandi, að áfram verði haldið á sömu braut og stöðum kippt undan þeim réttarreglum, sem þjóðir heims hafa smám saman sett sér að fenginni reynslu. Fari svo verða það smáþjóðirnar, sem mestu tapa.

Þótt báðir þessir atburðir gerist í fjarlægum heimshluta hafa þeir bein og veruleg áhrif á þróun heimsmála og snerta okkur því ekki síður en aðra. Samskipti austurs og vesturs hafa beðið verulegan hnekki og jafnframt munu þessir atburðir vafalaust hafa áhrif á þróun annars stórmáls, samskipti norðurs og suðurs, þ. e. þróaðra ríkja og þróunarríkja.

Þessir tveir atburðir, þótt ólíkir séu, eiga einnig nokkuð sameiginlegt. Þeir gerast báðir í þeim heimshluta, sem hefur að geyma mikinn hluta auðunninna olíulinda heims og þeir gerast báðir í ríkjum Múhamedstrúarmanna, þar sem eins konar trúarleg endurvakning hefur átt sér stað, endurvakning, sem getur orðið veigamikill þáttur í þróun alþjóðamála um ófyrirsjáanlega framtíð.

Af jákvæðum þáttum í þróun utanríkismála undanfarið má fyrst og fremst nefna Rhodesíu/Zimbabwe-deiluna, sem nú virðist hafa fengið farsæla lausn, stofnun stjórnmálasambands milli Ísraels og Egyptalands í framhaldi af Camp David samkomulaginu, og fall tveggja alræmdra einræðisherra í Afríku, þeirra Bokassa, keisara Mið-afrikulýðveldisins og Idi Amins, Ugandaforseta.

Málefni Afghanistan.

Hinn 27. desember s. l. réðust Sovétmenn með herlið inn í nágrennaríki sitt, Afghanistan og er áætlað að þeir hafi þar nú um 80 þúsund manns undir vopnum. Þessi hernaðarihlutun var réttlætt með því að ríkisstjórn Afghanistan hefði, á grundvelli sáttmála milli ríkjanna frá 1978, óskað eftir aðstoð til að vinna bug á uppreisnarmönnum og innrásarmönnum, sem ynnu illvirki sín með tilstyrk Pakistana, Bandaríkjamanna og Kínverja. Ekki hafa þó verið lagðar fram sannanir um iðhlutun þessara þriggja þjóða.

Brýnustu verkefni þjóða heims, eftir þessa atburði, hljóta að verða að sýna fram á, að hernaðarihlutun er hvorki verjandi né ábatasöm í alþjóðastjórnmálum og eru Sameinuðu þjóðirnar að sjálfsögðu sá vettvangur, sem samfélagi þjóðanna er nærtækastur til að fjalla um mál sem þessi. Öryggisráðið var kallað saman að beiðni 52 ríkja, þ. á m. Íslands og þar var lögð fram ályktunartillaga, þar sem hörmuð var innrásin í Afghanistan og þess krafist að allt erlent herlið færi þegar á brott. Þessi tillaga féll, eins og við var að búast, á neitunarvaldi Sovétríkjanna, en þá var allsherjarþingið (6. skyndiþing) kallað saman til að fjalla um málið. Þar var hinn 14. janúar samþykkt ályktunartillaga 24 ríkja úr þriðja heiminum, þar sem m. a. var staðfest, að fullveldi og stjórnmalalegt sjálfstæði allra ríkja væri grundvallaratriði í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og brot gegn þessu væri andstætt markmiðum stofnskrárinnar, undir hvaða yfirsíki sem væri. Jafnframt var hernaðarihlutun í Afghanistan mjög hörmuð og þess krafist, að allur erlendir her yrði tafarlaust og skilyrðislaust kallaður þaðan og hjálparstarf við flóttamenn þegar hafið í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Ályktunartillaga þessi hlaut samþykki yfirgnæfandi meirihluta aðildarríkja, eða 104, þ. á m. Íslands. Á móti voru 18 ríki, en 18 ríki sátu hjá. Auk Sovétríkjanna voru það einungis nánustu fylgiríki þeirra, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni. Eftir þessari samþykkt hefur þó ekki verið farið til þessa.

Viðbrögð flestra ríkja hafa verið ótvíræð eftir þessa atburði. Innrás Sovétríkjanna hefur verið fordæmd og gripið hefur verið til ýmissa gagnráðstafana. Hér á landi hefur þessum atburðum verið mótmælt við sendiherra Sovétríkjanna og fyrirhuguðum heimsóknum milli ríkjanna var frestað um óákveðinn tíma. Víða annars staðar hafa viðbrögðin verið svipuð, auk þess sem ýms ríki hyggjast ekki senda íþróttamenn á Olymپیúleikana í Moskvu í sumar. Athyglisverðust eru þó viðbrögð ýmissa hlutlausra ríkja þriðja heimsins, sem fram til þessa hafa oftast fylgt Sovétríkjunum að málum.

Ekki hvað síst hafa þessi atburðir haft mikil áhrif á ríki Múhamedstrúarmanna og spillt sambúð þeirra við Sovétmenn á sama tíma og kennisetningar Islams eru farnar að setja svip sinn á alþjóðastjórnsmál. Kom þetta skýrt í ljós á ráðstefnu, sem 36 þessara ríkja, alls með um 700 milljónir íbúa, héldu nýlega í Islamabad, en þar var innrásin fordæmd sem þjóðréttarbrott, öll ríki heims hvött til að fordæma árásina, þess krafist, að Sovétríkin yrðu þegar í stað á burt með heri sína frá Afghanistan og aðildarríkin hvött til að taka ekki þátt í Olympíuleikjunum í Moskvu nema allur sovéskur her færi frá Afghanistan.

Þótt viðbrögðin í hlutlausum ríkjum hafi orðið hörð við innrás Sovétmanna í Afghanistan er varla við því að búast, að þessi ríki fari að halla sér meira en áður að Vesturlöndum, en hitt kann þó að vera, að þau sýni ekki jafnfortakslausan stuðning við málflutning Sovétmanna og reyndin hefur oftast verið fram til þessa.

Tilraunir annarra ríkja til að leiða Sovétmönnum fyrir sjónir hversu alvarleg ógnun innrás þeirra í Afghanistan er við heimsfriðinn hafa fram til þessa engan árangur borið. Á vesturlöndum virðist sú tillaga eiga einna mestu fylgi að fagna, sem upphaflega var borin fram af Lord Carrington, utanríkisráðherra Breta, og síðan tekin upp af öðrum ríkjum Efnahagsbandalagsins, að Afghanistan verði gert að hlutlaustu ríki og verði það hlutleysi tryggt af öðrum þjóðum heims. Minnir þetta nokkuð á stöðu Austurríkis eins og frá henni var gengið nokkru eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Þótt enn sé of snemmt að spá um örlög þessarar hugmyndar virðast viðbrögð Sovétmanna við henni hafa verið vægast sagt neikvæð.

Slökunarstefnan.

Slökunarstefnan, sem mestu hefur verið ráðandi í samskiptum austurs og vesturs á undanförunum áratug hefur óhjákvæmilega beðið mikinn hnekki við innrásina í Afghanistan, harkalega meðferð á sovéskum andófsmönnum og áframhaldandi aukningu vígbúnaðar í Sovétríkjunum, ekki síst uppsetningu SS-20 eldflauganna. Ekki hefur stuðningur Sovétmanna við herfarir Kúbumanna í ýmsum Afríkuríkjum á undanförunum árum heldur bætt úr skák, enda hafa Vesturlönd alltaf lagt á það ríka áherslu við Sovétríkin, að slökunarstefnan hlyti eðli sínu samkvæmt að vera ein og óskipt og ekki væri unnt að líta framhjá hegðun Sovétmanna í öðrum heimshlutum þegar metin væri staðan í sambúð austurs og vesturs.

Segja má, að deilurnar um hernaðarihlutun í ýmsum Afríkuríkjum hafi ekki haft veruleg áhrif á framgang slökunarstefnunnar í Evrópu. Hins vegar var sambúðin nokkuð tekin að stíðna þegar upp úr miðju síðasta ári. Má eflaust ýmsu um kenna, en nefna má m. a. óánægjuna með stefnu sovéskra stjórnvalda í málefnum andófsmanna og SS-20 eldflaugarnar. Upp úr sauð síðan, þegar sovéski herinn var sendur inn í Afghanistan, enda hefur sá atburður, ekki síst í ljósi þróunar mála í Íran, í för með sér verulegar breytingar á hernaðarlegri og pólitískri stöðu í þessum mikilvæga heimshluta, sem sér Vesturlöndum, og þá ekki síst ríkjum Vesturevrópu, fyrir mestum hluta olíuþarfa þeirra.

Tilgangur slökunarstefnunnar er m. a. að koma til leiðar sambúðarreglum í alþjóðastjórnsmálum, sem allir geti sætt sig við. Þessar reglur hafa augljóslega ekki verið virtar og þegar þar við bætist, að lítið sem ekkert gengur að ná samkomulagi um vígbúnaðareftirlit og samdrátt í vígbúnaði í Evrópu — atriði, sem einnig er veigamikill þáttur í lífvænlegri slökunarstefnu — þá er von að hrikni í innviðum hennar.

Enda þótt nú sé komin upp sú staða, að vestræn ríki telji nauðsyn bera til að standa þétt saman og treysta samvinnu sína, m. a. innan Atlantshafsbandalagsins, þá munu meginmarkmið þessa bandalags standa áfram óhögguð, þ. e. að tryggja öryggi aðildarríkja sinna með vörnum annars vegar og framgangi slökunarstefnunnar hins vegar. Enginn hefur áhuga á að hverfa aftur til tímabils kalda stríðsins og þeirrar hættu á heimsstyrjöld, sem slíku ástandi fylgir.

SALT II samkomulagið hefur enn ekki hlotið staðfestingu Bandaríkjaþings, enda var

umræðu um það mál frestað í þinginu að beiðni Bandaríkjaforseta. Allt bendir þó til þess að bæði stórveldin muni í reynd fylgja ákvæðum samningsins.

Hafin er ein lotan enn í samningaumleitunum NATO-ríkja og Varsjárbandalagsríkja í Vínarborg um samdrátt í herafla í Evrópu (MBFR). Þessar viðræður hófust árið 1973, en hefur sáralítið miðað áfram, einkum vegna ágreinings um það, hversu mikinn herafla hvor aðili hafi raunverulega á samningssvæðinu. Enn er þó unnið að því að finna leiðir til að samræma sjónarmiðin og jafnframt að ákveða tilhögun á slíkum samdrætti, sem væntanlega yrði framkvæmdur í nokkrum áföngum. Er ekki annað að sjá á fréttum af þessum fyrstu fundum ársins en að vilji sé enn fyrir hendi til að komast að raunhæfu samkomulagi.

Helsinki-samþykktin um öryggi og samstarf í Evrópu var á ýmsan hátt skjálleg staðfesting á þeirri þróun í átt til slökunar og betri samskipta milli ríkja Evrópu og Norðurameríku, sem átt hafði sér stað á undanförunum árum og jafnframt var þar mörkuð stefnan um framhald og efling þessara þátta. Það er því ljóst, eins og áður hefur verið að vikið, að atburðirnir í Afganistan og fleiri atriði, svo sem meðferðin á andófsmönnum í Sovétríkjunum, hafa haft veruleg áhrif á hugmyndir manna um framgang helstu stefnumála í samþykktinni. Þó má ætla, að öll þátttökurikin séu sammála um að áfram verði að halda og jafnvel leggja enn meiri áherslu á raunhæfa framkvæmd þeirra fyrirheita, sem gefin eru í Helsinki-samþykktinni.

Nú er nýlega lokið einni af þeim ráðstefnum, sem haldnar hafa verið á grundvelli Helsinki-samþykktarinnar, vísindaráðstefnunni (Scientific forum) í Hamborg. Sátu hana af Íslands hálfu prófessor Gylfi Þ. Gíslason og Benedikt Ásgeirsson, sendiráðsritari í Bonn. Flutti dr. Gylfi þar ræðu og lögð voru fram þrjú ráðstefnuskjöl samin af íslenskum vísindamönnum. Þessi ráðstefna þótti takast vel og einkenndist hún minna af deilum austurs og vesturs en jafnvel bjartsýnir menn höfðu fyrirfram þorað að vona.

Í haust kemur svo að næsta stóra áfanganum í þessum málaflökki, Madrid-fundinum, en þar verður í annað sinn gerð úttekt á framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar. Verður að vona, að allir aðilar mæti þar til leiks með því hugarfari að reyna að bæta sambúðina og auka skilning þjóða í milli.

Afvopnunarmál.

Í kaflanum um afvopnunarmál í utanríkismálaskýrslu sinni á fyrra ári orðaði fyrirrennari minn í embætti það svo, að því miður lægi nær að nefna þennan málaflökk vígbúnaðarmál en afvopnunarmál og má það vist til sanns vegar færa.

Hjá Sameinuðu þjóðunum var á liðnu ári mikið rætt um afvopnunarmál, en það voru að mestu hugmyndir ýmissa ríkjahópa um nánari útfærslu á niðurstöðum sérstaka aukabingsins um afvopnunarmál, sem haldið var vorið 1978. Breyttir starfshættir og fjölgun meðlima í afvopnunarnefndinni í Genf virðast ætla að auka áhrif hlutlausra ríkja og kjarnavopnalausra ríkja í störfum nefndarinnar. Aðild Frakka og Kínverja að þessari nefnd verður eflaust einnig til þess að efla hana.

Í tengslum við þær umræður, sem fram fara á vegum Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fleiri ríki komi sér upp kjarnavopnum, sendu Norðurlöndin öllum aðildarríkjum S. Þ. greinargerð um afstöðu sína til þessa máls. Var þar lögð áhersla á að tilraunir eins eða fleiri ríkja til þess að koma sér upp eigin kjarnavopnum væru alvarleg hótun við samfélag þjóðanna, jafnframt því sem þær gerðu erfiðara um vik að efla alþjóðlegt samstarf um friðsamlega nýtingu kjarnorkunnar.

Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að ná fram raunverulegri takmörkun vígbúnaðar, að ekki sé talað um afvopnun, hafa því miður borið ákaflega takmarkaðan árangur. Má þar eflaust að einhverju leyti kenna um skorti á vilja, en hitt sýnist þó ekki síður ljóst að samkomur 152 ríkja eru of stórar til að unnt sé að ná fram raunverulegum samningaviðræðum. Aðstæður og viðhorf verða svo margbreytileg að erfitt er að nálgast kjarnann. Þó hafa verið gerðir átta

alþjóðasamningar um takmörkun vígbúnaðar frá styrjaldarlokom, en það segir sína sögu, að aðeins einn þeirra kvað á um eyðileggingu vopna, þ. e. samningurinn um bann gegn sýklavopnum. Nú eru það brýnustu verkefni Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði að hraða samningum um algjört bann við hvers kyns tilraunum með kjarnavopn og um frekari takmarkanir á meðferð þeirra vopna, samningsgerð um bann við notkun hvers kyns eiturfna í hernaði og bann við notkun sérstaklega ómannúðlegra vopna. Nýtt auka-allsherjarþing um afvopnunarmál er ráðgert á árinu 1982.

Þótt hér sé bent á takmarkaðan árangur Sameinuðu þjóðanna á sviði afvopnunarmála á liðnum áratugum verður jafnframt að hafa hugfast, að þessi mál eru einhver hin erfiðustu og viðkvæmustu, sem samfélag þjóðanna fæst við og raunhæfur árangur næst ekki nema rutt sé úr vegi aldagamalla tortryggni og fjandskap. Einnig ber þá að þakka þann mikilvæga skerf til viðhalds friðar, sem gæslusveitir stofnunarinnar hafa lagt af mörkum á ýmsum óeirðasvæðum. Í ýmsum þáttum afvopnunarmála hafa beinar viðræður milli þeirra aðila, sem málin varða mest, reynst nauðsynlegar til að ná einhverjum árangri í öðrum þáttum afvopnunarmála, eða takmörkun vígbúnaðar. Má þar fyrst til nefna SALT-viðræðurnar og viðræður NATO-ríkja og Varsjárbandalagsríkja um samdrátt heraflo í Evrópu og síðan þær hugmyndir, sem komið hafa fram um afvopunarviðræður í Evrópu í tengslum við framkvæmd lokasamþykktar Öryggismálaráðstefnu Evrópu.

Austurlönd nær.

Austurlönd nær hafa verið aðalvettvangur mestu atburða í heimsmálum að undanfögnu. Reyndar hafa þau verið ein helsta púðurtunna heims allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar þótt á ýmsan veg hafi verið. Ég hef þegar fjallað nokkuð um innrás Sovétmanna í Afghanistan og áhrif hennar á þennan heimshluta. Jafnframt hef ég minnst á töku gíslanna í bandaríska sendiráðinu í Teheran, en sá atburður gefur tilefni til að láta í ljós alvarlegar áhyggjur yfir þeim lögbrotum, sem mjög hefur borið á að undanfögnu, þ. e. töku erlendra stjórnarereindreka í ýmsum ríkjum til þess að leggja áherslu á hvers konar kröfur á hendur stjórnvalda innanlands eða utan. Friðhelgi erlendra sendiráða og stjórnarereindreka er ein helsta forsenda þess að unnt sé að halda uppi samskiptum milli ríkja og því er nauðsynlegt að þessi friðhelgi sé virt.

Það sem gerir töku gíslanna í Teheran frábrugðna öðrum slíkum er sú staðreynd, að stjórnvöld í Íran, að svo miklu leyti sem raunveruleg stjórnvöld hafa verið til þar á undanföngum mánuðum, hafa staðið við bakið á svokölluðum námsmönnum, sem hafa sendiráðið á valdi sínu. Kröfur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og ýmissa alþjóðastofnana hafa verið virtar að vettugi og enda þótt einstöku embættismenn í Íran hafi látið í ljós áhuga á að binda endi á þetta ófremdarástand hafa aðrir og valdameiri aðilar þar í landi komið í veg fyrir að nokkuð væri gert. Hvað sem satt kann að vera í ásökunum Írana getur ekkert réttlætt það hættulega brot á alþjóðalögum sem sendiráðstakan er.

Byltingin í Íran og fleiri atburðir í ríkjum múhamedstrúarmanna hafa opnað augu manna fyrir því, að islam er ekki aðeins trúarbrögð heldur einnig pólitískt afl, sem þegar er farið að gæta verulega og kann að eiga eftir að hafa mikil áhrif á þróun mála í heiminum á næstu árum og áratugum. Ólíuauðnum hefur verið æði misskipt meðal íbúa helstu framleiðsluríkjanna í miðausturlöndum og stór hluti þessa fólks er utangátta í þeirri tæknivæðingu, sem átt hefur sér stað á undanföngum árum. Í þeirra vitund er afturhvarf til fyrri strangtrúar í siðferðilegum og pólitískum efnum í anda kóransins besta andsvarið gegn framandlegu þjóðfélagi og óréttlátum þjóðfélagsháttum.

Íranska byltingin og friðarsamningar Egyptalands og Ísrael eru þeir tveir atburðir, sem hæst ber í stjórnámum miðausturlanda. Þá hefur borið að sinn með hvorum hætti, en báðir hafa þeir leitt til mikilla breytinga í hernaðarstöðunni á þessum slóðum. M. a. hefur hernaðarmáttur Íran minnkað mikið í kjölfar byltingarinnar og valdið óvissu í valdajafnvæginu við Persaflóa.

Framkvæmd samninga Ísraels og Egyptalands virðist enn ganga nokkuð eftir áætlun, þar á meðal brottflutningur Ísraelsmanna frá Sinaiskaga.

Ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 og 338 eru sá grundvöllur, sem heildarlausn deilumála í mið austurlöndum verður að hvíla á. Nauðsynlegt er að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, þar á meðal um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra. Jafnframt þurfa þeir allir að taka þátt í umræðum um slíka heildarlausn, sem einnig taki tillit til lögmætra þjóðarréttinda Palestínumanna. Fyrir en síðar hlýtur að koma að því að lausn verði að fást á þessu máli, ef unnt á að vera að koma í veg fyrir að sáttumleitanir Egypta og Ísraelsmanna sigli í strand. Olíusala Arabaríkja til vesturlanda hefur verið áhrifaríkt vopn í höndum Palestínumanna, en jafnframt sýnist ljóst, að málstaður þeirra hefur fengið aukinn meðbyr vegna stefnu Ísraels í málefnum herteknu svæðanna, ekki síst stofnun nýrra byggða Ísraelsmanna þar.

Austur-Asía.

Kampútsea hefur enn verið í brennidepli á undanfögnu ári og virðist seint ætla að linna þeim hörmungum, sem yfir þetta land hafa gengið. Rauðu kmerarnir, sem tóku völdin í landinu eftir brottför Bandaríkjamanna frá Suðaustur-Asíu, hófu framkvæmd kennisetninga sinna, sem leiddi til útrýmingar verulegs hluta þjóðarinnar. Með vísan til framferðis þessara valdamanna réðust Víetnamar inn í Kampútseu og hafa þeir nú meginhluta landsins á valdi sínu. Enn er barist og er talið, að allt að 200 þúsund hermenn frá Víetnam séu nú í Kampútseu. Hörmungum íbúanna hefur lítið linnt, enda var innrás Víetnama af öðrum hvötum sprottin en umhyggju fyrir mannréttindum í nágrannaríki. Flóttamannastraumurinn hefur verið gífurlegur, þótt hann sé nú nokkuð í rénum og hafa Thailendingar orðið að taka við mestum fjölda flóttamanna þótt þeir hafi í raun og veru átt meira en nóg með að sinna eigin málum.

Alþjóðlegt hjálparstarf innan Kampútseu gekk lengi erfiðlega vegna tregðu hinna stríðandi fylkinga í landinu á að leyfa flutning matvæla og annarra hjálpargagna til þeirra svæða, sem verst höfðu orðið úti. Nokkuð hefur nú ræst úr í þessum efnum þótt enn sé mikið verk óunnið og ljóst er, að þjóðin verður að mestu leyti að treysta á matvælagjafir frá öðrum löndum á næstu mánuðum, þar eð stríðsástandið og matvæskorturinn komu í veg fyrir sáningu hrísgrjóna í stórum landshlutum.

Íslendingar hafa tekið þátt í hjálparstarfinu við flóttamenn frá Kampútseu með fjárframlögum og sendingu hjúkrunarliðs. Hafa Rauði krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar unnið mikið að þessum málum, auk þess sem nokkur fjárframlög hafa komið úr ríkissjóði.

Afríka.

Eins og áður er vikið að hefur orðið jákvæð þróun í málefnum nokkurra Afríkju-ríkja undanfarið. Ber þar helst að nefna Rhodesíu/Zimbabwe-deiluna, sem nú virðist loks hafa fengið farsæla lausn með myndun meirihlutastjórnar svartra íbúa landsins að undangengnum frjálsum og lýðræðislegum kosningum. Upphafið að þessari jákvæðu þróun má rekja til Samveldisráðstefnunnar, sem haldin var í Lusaka í ágústmánuði s. l. Í kjölfar hennar kölluðu Bretar til stjórnskipunarráðstefnu allra deiluaðila, sem lyktaði með Lundúnasamkomulaginu 18. desember s. l., er allir deiluaðilar skrifuðu undir og m. a. fól í sér nýja stjórnarskrá, frjálssar kosningar undir eftirliti Breta og sjálfstæði landsins. Samkvæmt nýju stjórnarskránni kaus hvíti minnihlutinn 20 þingmenn og svartir íbúar landsins 80 þingmenn. Hinn ótvíræði sigur Robert Mugabe kom flestum á óvart einkum þó hvítum íbúum landsins, sem hafa talið Mugabe sér andsnúinn, aðallega vegna marxískra skoðana hans. Mugabe hefur nú, er þetta er ritað, myndað stjórn með þátttöku Yoshua Nkomo og flokki hans. Einnig sitja tveir hvítir ráðherrar í stjórninni. Lofa þessi viðbrögð góðu og má segja að nú hafi skapast grundvöllur fyrir myndun sjálfstæðs lýðræðisríkis í Zimbabwe. Mikið er í húfi að friður haldist, ekki einungis fyrir

Zimbabwe, heldur og fyrir nágrannaríkin, einkum Botswana, Zambíu og Mosambique, sem einnig hafa orðið að líða fyrir áralangan ófrið í Zimbabwe/Rhodesíu.

Þróun mála í Zimbabwe/Rhodesíu á vafalaust eftir að hafa áhrif á málefni Suður-Afríku, þar sem lítil breyting hefur átt sér stað varðandi framkvæmd apartheidstefnunnar, enn sem komið er. Er vonandi að þau áhrif leiði ekki til spennu og e. t. v. árekstra á milli Zimbabwe og Suður-Afríku, heldur verði til þess að stjórnvöld í Suður-Afríku horfist í augu við raunveruleikann, — að apartheidstefnan og allt það misrétti hvíttra og svartra, sem henni fylgir mun leiða til stigmagnandi ólgu hjá svarta meirihlutanum. Slíkt getur haft ómælanlegar hörmungar í för sér. Ríður því á, að ráðamenn í báðum ríkjunum hafi til að bera þá visku og hófsemi, sem til þarf, svo að þróun þessara mála verði jákvæð og öllum íbúum þessa heimshluta til góðs. Á meðan mun Ísland halda áfram að styðja allar raunhæfar aðgerðir Sameinuðu þjóðanna til að binda endi á hina ómannúðlegu misréttisstefnu stjórnar Suður-Afríku.

Namibíumálið er enn í svipuðum farvegi og þegar fyrirrennari minn lagði fram skýrslu sína um utanríkismál í fyrra. Er mikilvægt að samkomulag náist við Suður-Afríku um frjálsar kosningar og sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti og styðjum við viðleitni Vesturlandanna fimm í því sambandi. Ísland mun halda áfram að styðja alla þá viðleitni í þessum vandamálum, sem samræmist stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og felur í sér friðsamlega og réttláta lausn fyrir íbúa þessa heimshluta.

Nýskipan alþjóðaefnahagsmála og orkumál.

Eins og að var vikið í inngangi að þessari skýrslu hafa atburðirnir í miðaustralöndum á undanförunum árum haft veruleg áhrif á hinn svokallaða norður/suður vanda, eða samskipti ríkra þjóðra og snauðra. Markverðasta niðurstaðan í efnahagsmálum á síðasta allsherjarþingi var samkomulag um tilhögun væntanlegra viðræðna milli iðnaðarríkjanna og þróunarlandanna á sérstöku allsherjarþingi á hausti komanda. Með samþykkt þriggja ályktana allsherjarþingsins var ákveðið að hefja víðtæka samningagerð um alþjóðasamvinnu að efnahagsþróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á hún að ná til allra aðalatriða í hráefnavinnslu, orkumálum, milliríkjavíðskiptum, þróunarmálum og gjaldeyris- og fjármálum. Allralandanefndinni, sem allsherjarþingið setti á laggirnar fyrir tveimur árum til að ræða nýskipan alþjóðaefnahagsmála, er falið undirbúningsstarfið og á hún að leggja tillögur um leiðir til úrlausnar norður/suður vandans fyrir aukþingið undir lok ágústmánaðar n. k., en þetta sérstaka allsherjarþing mun standa í 2 vikur, dagana 25. ágúst — 5. september.

Þegar kom fram á miðjan síðastliðinn áratug, annan þróunarárátug Sameinuðu þjóðanna, tóku línurnar að skýrast í ágreiningsmálum auðugra þjóða og snauðra. Norður/suður vandinn varð æ ljósari og kröfur þróunarlandanna á hendur iðnaðarríkjunum urðu stöðugt háværari. Tvisvar voru kölluð saman sérstök allsherjarþing um þróunarmál eingöngu, vorið 1974 og haustið 1975. Í desember 1975 samþykkti allsherjarþingið grundvallarskjal um efnahagsréttindi og skyldur ríkja og tók til endurskoðunar áætlanir annars þróunarárátugsins. UNCTAD og UNIDO ráðstefnur komu saman og gerðu samþykktir um viðskipti og iðnþróun. Gekk öll þessi ályktanagerð út á það, að jafna þyrfti metin sem fyrst á lífskjörum Vesturlanda og þriðja heimsins, og stæði upp á þau fyrrnefndu í því sambandi, en sósíalísku ríkin halda því fram, að þeim beri ekki skylda til þátttöku í úrlausn vandans, þar sem þau hafi aldrei arðrænt nýlendur né heldur kúgað þjóðir í þriðja heiminum. Kröfur þróunarlandanna ganga út á meiri efnahagsaðstoð, betri lánskjör, eftirgjöf skulda, hærra og stöðugra hráefnisverð, hagstæðari viðskiptakjör, gengistryggingu, eftirlit með fjölþjóðafyrirtækjum, tækniþjálfun og iðnvæðingu, menntunarmöguleika, endurskipulagningu landbúnaðar og matvælaframleiðslu, fullveldisyrirráð náttúruauðlinda, þjóðnýtingu eigna útlendinga, frjálsan aðgang að mörkuðum, niðurfellingu tolla og annarra viðskiptatálmana o. s. frv. Eða almennt séð kröfur um uppskiptingu auðæfa og tekjulinda þróunarlöndunum í hag, svokallaða nýskipan alþjóðaefnahagsmála.

En snarpast var tekist á í orku- eða olíumálunum, þegar kom til þess skömmu eftir Yom Kippur styrjöldina við Ísraelsmenn í október 1973, að Arabar og OPEC-löndin öll hækkðu í skyndingu olíuverðið fjórfalt. Í þeirri olíukreppu, sem fylgdi í kjölfarið, var loks kölluð saman í París seint á árinu 1975 ráðstefna 27 þróunarlanda og vestrænna iðnaðarríkja um alþjóðlega efnahagssamvinnu, og stóð hún af og til í eitt og hálf ár. Upphaflega var ætlun ráðstefnubóðenda að ræða úrlausn orkukreppunnar, því að Vesturlönd höfðu fyrst og fremst áhuga á að tryggja sér nægilegt framboð olíu á sem stöðugustu verði, en ráðstefnan fór fljótlega einnig út í önnur málsatriði, þar sem þriðji heimurinn kom sinni kröfugerð að, t. d. stofnun öflugssamvinnuþróunar sjóds. Gjalddeyris- og gengismál komu hér einnig við sögu, þar sem olíuútflutningslöndin vildu verðtryggja tekjur sínar, enda vaxandi verðbólga í velflestum iðnaðarríkjum.

Teljandi árangur í norður/suður viðræðunum náðist ekki á þessari ráðstefnu og fór hún út um þúfur sumarið 1977. Hún var ekki haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna, en vandamálin komu strax til umræðu á allsherjarþinginu um haustið og var þar samþykkt, eins og áður var getið, að fela málið nefnd allra aðildarríkja. Samkomulag náðist raunar ekki um nafnið á þessari allralandanefnd, en hún átti að vinna að nýskipan alþjóðaefnahagsmála. Kröfur þaradlútandi, nýtt skipulag efnahagsmála í heiminum öllum, komu fyrst fram undir þessu nafni á leiðtogaráðstefnu hreyfingar hlutlausra ríkja og ríkja utan varnarbandalaga í Algeirsborg 1973. Á allsherjarþinginu 1978 var síðan samþykkt að setja aðra allralandanefnd til að semja nýja þróunaráætlun vegna þriðja áratugs Sameinuðu þjóðanna í þeim málum, enda stefnt að sérstaka allsherjarþinginu um þróunar- og efnahagssamvinnuáhrif á árinu 1980.

Orkukreppan og verðhækkunir olíu héldu hins vegar áfram og harðast úti urðu einmitt fátækustu þróunarlöndin, sem flytja verða inn olíu. OPEC-löndunum var hins vegar ekkert umhugað um að taka upp olíuúmræður innan ramma Sameinuðu þjóðanna. Á allsherjarþinginu 1978 var t. d. ákveðið að kveðja saman ráðstefnu á árinu 1981 um nýja og endurnýjanlega eða óþrjótandi orkugjafa. Var það í fyrsta skipti, sem orkumálin voru rædd á allsherjarþingi. Olíumálin voru þó undanskilin, og ekki fékkst heldur samþykkt að ræða einnig um kjarnorku á væntanlegri ráðstefnu. Efnahagsaðstoð nýríkra olíulanda við önnur þróunarlönd var sem sagt ekki til umræðu og þótti því tíðindum sæta, þegar leiðtogafundur hlutlausra ríkja og utan varnarbandalaga í Havana s. l. haust samþykkti að stefna að því að taka upp samningagerð um öll atriði þróunarmála. Leiddi samkomulagið í þessari hreyfingu til þeirrar samþykktar síðasta allsherjarþings, sem um getur í upphafi þessa kafla, að orkumálin yrðu tekin með, þ. e. a. s. einnig verður fjallað um olíuverð og framboð, enda veigamikil atriði bæði fyrir Vesturlönd og hin fátækari þróunarlönd, er flytja verða inn olíu.

Á síðasta verðhækkunarfundi OPEC skömmu fyrir áramótin í Caracas var jafnframt samþykkt að auka til muna efnahagsaðstoð og peningastreymi olíulandanna til fátækustu þróunarlandanna, svo að kröfugerð þeirra síðarnefndu beinist enn aðallega að Vesturlöndum, eins og síðast kom fram á nýafstaðinni 3. UNIDO-ráðstefnu í New Delhi, þar sem samþykkt var með miklum meirihluta (88 þróunarlönd og sósíalísk ríki) að stofna skyldi \$ 300 milljarða þróunarsjóð fyrir næstu aldamót. Var samþykkt þessi gerð gegn 22 atkvæðum vestrænna iðnaðarríkja, þeirra sem mest fé eiga að leggja í sjóðinn.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana var á undanfögnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök, sem eru og hafa verið meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið og síðan um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamestu alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 34. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þess og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar og sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

Norðurlandasamvinna

Samvinna Norðurlandanna er all sérstæð borið saman við samstarf annarra þjóða og ríkjahópa Evrópu. Hún hefur mótast af sameiginlegum menningararfi, svipuðum lífsviðhorfum og sama mati á gildi einstaklingsins, sem m. a. hefur leitt til þess að skilgreining og skilningur þessara þjóða á hugtakinu lýðræði er hinn sami. Hin nánu tengsl Norðurlandanna innbyrðis eiga eflaust sinn þátt í því, að þeim hefur tekist að standa vörð um frelsi sitt og hugsjónir. Allt eru þetta sjálfstæð og fullvalda ríki, þrátt fyrir hið einhuga og nána samstarf á fjölmörgum sviðum. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum Norðurlandanna við önnur ríki, einkum að því er stefnu og framkvæmd öryggismála varðar, á rætur sínar að rekja til landfræðilegrar legu þeirra og varðveislu eigin hagsmuna ríkjanna í því sambandi. Þetta raskar þó ekki samheldni þeirra, enda sýna þau hvert öðru virðingu og skilning í þessum efnunum.

Norræn samvinna hefur þróast í fastan farveg og ber þar helst að nefna stofnun Norðurlandaráðs 1952 og norrænu ráðherranefndarinnar 1971. Er skemmst að minnast nýafstaðins þings Norðurlandaráðs hér í Reykjavík.

Sá ótvíræði beini ávinningur, sem Íslendingum er að samstarfi við hin Norðurlöndin ætti að vera öllum ljós og nægir þar að minna á nokkur nærtæk og áþreifanleg dæmi, svo sem Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, sem settur var á stofn við inngöngu okkar í Fríverslunarbandalagið, EFTA, lánaþyrirgreiðslur og lánamöguleika úr Norræna fjárfestingarbankanum, Norrænu eldfjallarannsóknastöðina og Norræna húsið í Reykjavík, að ógleymdu sameiginlegu norrænu tryggingakerfi, gagnkvæmum námshlunnindum og fjölmörgum öðrum Norðurlandasamningum, sem við erum aðilar að. Þetta raunhæfa samstarf Norðurlandanna fer stöðugt vaxandi og spannar nú nýtt þýðingarmikið svið, sem eru orkumálin. Er þess að vænta, að samvinna geti tekist milli Íslands og annarra Norðurlanda á þessum vettvangi, a. m. k. þegar fram í sækir.

Þess hefur orðið vart, að norræn samvinna nýtur virðingar á alþjóðavettvangi og þar koma Norðurlöndin oft á tíðum fram sem ein heild. Þetta á einkum við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Liður í hinni sameiginlegu ímynd Norðurlandanna út á við eru utanríkisráðherrafundir Norðurlanda, sem haldnir eru tvisvar á ári og m. a. eru helgaðir málefnum Sameinuðu þjóðanna. Náð og oft á tíðum reglubundið samstarf er á milli embættismanna utanríkisráðuneytanna og fastanefnda Norðurlanda hjá alþjóðastofnunum — skipst er á upplýsingum, viðhorf eru kynnt og samræming á sér iðulega stað. Með þessu nána samstarfi um alþjóðamál hefur Norðurlöndunum oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það sem ætla mátti um ekki fjölmennari ríki. Er þess að vænta, að norræn

samvinna haldi áfram að þróast og dafna jafnt inn á við sem út á við og hlýtur þessi samvinna jafnan að vera ein þeirra meginstoða, sem íslensk utanríkisstefna hvílir á.

Evrópuráðið

Á árinu 1979 varð Evrópuráðið 30 ára og var tækifærið notað til þess að líta yfir störf Evrópuráðsins frá byrjun og vega og meta árangurinn. Á ráðherrafundinum í maí var afmælisins minnst og lögð áhersla á aukna starfsemi á sviði stjórnmála. Fjölgun aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu, með væntanlegri aðild Grikklands, Spánar og Portúgals, mun leiða til aukinnar áherslu á þá viðleitni ráðherranefndarinnar að samræma stefnu aðildarríkja í utanríkismálum. Einnig er Evrópuráðið vettvangur vaxandi skoðanaskipta um samskipti Efnahagsbandalagsins og þeirra Evrópuráðsríkja, sem utan þess standa. Beinir kosningar til þings Efnahagsbandalagsríkjanna — Evrópuþingsins, sem haldnar voru á árinu, eru álitnar vera til þess fallnar að styrkja samstarf og skilning milli aðildarríkjanna á mörgum sviðum og stuðla að aukinni einingu Evrópuráðsríkjanna.

Ráðherranefndin fjallaði m. a. um framkvæmd lokasamþykktarinnar frá Helsinki um öryggi og samvinnu í Evrópu og haldið var áfram að vinna að undirbúningi Madrid ráðstefnunnar. Öll Evrópuráðsríkin lýstu yfir áframhaldandi stuðningi við slökunarstefnuna í samskiptum austurs og vesturs.

Einnig var á s. l. ári reynt að samræma skoðanir og stefnu aðildarríkja Evrópuráðsins í málefnum Sameinuðu þjóðanna. Ræddi ráðherranefndin sérstaklega um helstu mál, sem voru á dagskrá síðasta allsherjarþings og varð henni töluvert ágengt í tilraunum sínum til samræmingar.

Eins og áður voru mannréttindamálefni ofarlega á baugi í starfsemi Evrópuráðsins. M. a. stofnaði ráðherranefndin á s. l. ári nefnd sérfræðinga, er gera skal tillögur um, hvernig unnt sé að auka og tryggja betur réttindi einstaklinga í aðildarríkjunum á sviði félags-, menningar- og efnahagsmála. Hinn 30. október 1979 var minnst 20 ára afmælis Mannréttindadómstóls Evrópu og 25 ára afmælis Mannréttindanefndarinnar, en Evrópuráðið er eina starfandi fjölþjóðastofnunin, þar sem aðilar eru sammála um og hafa skipulagt samvinnu um ráðstafanir til að tryggja, að staðið sé við skuldbindingar aðildarríkja um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ráðherranefndin ræddi leiðir til þess að draga úr efnahags- og félagslegu misræmi, er ríkir meðal aðildarríkja. Var hafin sérstök athugun á því á hvern hátt Evrópuráðið gæti lagt sinn skerf að mörkum til úrbóta, svo og hvernig mætti stuðla að því að jafna og bæta lífsafkomu íbúa þeirra aðildarríkja, sem við lélegust kjör búa. Er verið að íhuga, hvort Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins geti ekki tekið virkari þátt í þessari viðleitni en hann hefur gert fram til þessa.

Vegna hættu á auknu atvinnuleysi í mörgum aðildarríkjum á næstu árum ákvað ráðherranefndin í nóvember s. l. að láta rannsaka ástand atvinnumála í Evrópu. Verður haldin sérstök atvinnuáráðstefna í Osló í lok 1980, þar sem fulltrúar ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda munu bera saman bækur sínar um ástand og horfur í atvinnumálum Evrópuráðsríkja og setja fram tillögur um úrbætur.

Auk ráðherranefndarinnar starfaði hinn „armur“ Evrópuráðsins, ráðgjafarþingið, á hefðbundinn hátt s. l. ár. Kom það þrisvar saman á árinu, en á ráðgjafarþinginu eiga sæti þingmenn, kjörnir eða tilnefndir af þingum aðildarríkja. Alþingi átti eins og áður 3 fulltrúa á ráðgjafarþinginu, auk varafulltrúa. Vegna fjölgunar aðildarríkja hefur þingfulltrúum verið fjölgað úr 140 í 170.

Ráðgjafarþingið ræddi fjölda mála, er snerta hagsmuni Evrópu og samþykkti margar ályktanir til ráðherranefndarinnar um frekari aðgerðir í þeim efnum. Fjölluðu þær aðallega um mannréttindamálefni, umhverfis- og mengunarmál, vísindi og tækni, svo og efnahags- og félagsmál.

IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um friðsamlega lausn deilumála og bannar ríkjum að fara með ófriði á hendur öðrum. Framkvæmdarvald samtakanna er þó mjög ótraust vegna neitunarvalds einstakra stórbjóða í Öryggisráðinu, auk þess sem vart yrði gripið inn í fyrr en árás hefði þegar verið gerð og óbætanlegur skaði skeður Því kveður sáttmálinn sérstaklega á um rétt aðildarríkja til að bindast samtökum um að tryggja varnir sínar.

Ekki var langt um liðið frá stofnun samtakanna þegar flest lýðræðisríki Vestur Evrópu sáu sig til þess knúin að mynda slík varnarsamtök með ríkjum Norður Ameríku. Við Íslendingar urðum stofnaðilar að þessum samtökum, enda töldu fulltrúar mikils meirihluta þjóðarinnar atburði síðari heimsstyrjaldarinnar hafa sýnt svo ekki yrði um villst að hlutleysisstefnan frá 1918 dygði ekki til að tryggja öryggi þjóðarinnar. Nokkru síðar kom bandarískt varnarlið hingað til lands á grundvelli sérstaks samnings innan ramma NATO-sáttmálans og hefur sú skipan haldist síðan.

Atlantshafsbandalagið er samtök þjóða með svipaða menningu og lífsskoðanir. Þær hafa komið sér upp varnarkeðju til að tryggja sig fyrir utanaðkomandi árás og í því skyni leggja þær allar eitthvað af mörkum. Framlag okkar Íslendinga hefur aðallega verið og er aðstaðan á Keflavíkurflugvelli. Óslitin varnarkeðja er öruggasta leiðin til að tryggja að aldrei þurfi að grípa til vopna. Ef við Íslendingar skerumst úr leik höfum við veikt þessa keðju og þar með dregið úr öryggi allra þeirra þjóða, sem setja traust sitt á bandalagið, einnig okkar sjálfra.

Aðalhlutverk varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er kaþátaleit og kaþátæftirlit auk þess sem hún fylgist með ferðum hernaðarflugvéla. Mætti því e. t. v. allt eins vel nefna hana eftirlitsstöð eins og varnarstöð. Einnig er Keflavíkurflugvöllur mikilvægur fyrir flugsamgöngur milli Evrópu og Ameríku vegna legu landsins mitt á milli þessara tveggja heimsálfa og einnig er öryggi allra skipaflutninga á hættutímum mjög háð aðstöðu á Íslandi eins og sýndi sig í síðari heimsstyrjöldinni.

Þegar litið er á þau atriði, sem ég hef hér minnst á má ljóst vera, að verulegar breytingar hafa orðið á hlutverki varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli í kjölfar tækniþróunar undanfarinna áratuga. Hún hefur færst æ meira í það horf að gegna fyrst og fremst hlutverki eftirlits og viðvörunarstöðvar. Sem slík er hún þó ekki síður mikilvæg sameiginlegu öryggi allra bandalagsríkjanna en hún var fyrir 30 árum.

Hlutverk þess varnarbandalags, sem við erum aðilar að, og þess hlekks, sem við erum í keðjunni, er að sjá til þess með traustum vörnum að ekki komi til styrjaldar og jafnframt er það hlutverk þessa bandalags og hlutverk, sem ég legg mikla áherslu á, að vinna að afvopnun, sem framkvæma verður stig af stigi með vönduðum samningum og raunhæfu eftirliti, sem tryggi heiðarlega og undanbragðalaus framkvæmd slíkra samninga. Undir árangri í þessum málum er það komið hversu fljótt aðstæður í heiminum verða þannig, að unnt reynist að láta varnarliðið fara frá Íslandi.

Varnarmáladeild.

Á vegum varnarmáladeildar var unnið að framkvæmd margs konar málaflokka er varða Keflavíkurflugvöll og starfsemi varnarliðsins þar. Merkurum áfanga var náð á árinu, er nýr flugturn með fullkomnasta tækjabúnaði var tekinn í notkun og þar með fullnægt einu af þeim atriðum, er samið var um í samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna í október 1974. Heildarbyggingarkostnaður flugturnsins var um 4 milljarðar íslenskra króna.

Lokið var við aðra stórfamkvæmd, sem samvinna var um með varnarliðinu og sveitarfélögunum á Suðurnesjum, þ. e. byggingu sorpeyðingarstöðvar og mun hún geta eytt öllu sorpi sem til fellur á Suðurnesjum. Heildarkostnaður nam um 5—600 milljónum króna og mun stöðin fyrst um sinn afkasta eyðingu 7—8000 lesta á ári.

Byggingarnefnd nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurlugvelli vann mikið starf á árinu, en í tilefni ákvæðis í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar hef ég ritað þeirri nefnd bréf og falið henni að taka til ítarlegrar endurskoðunar hönnunarforsendur flugstöðvarbyggingar, einkum með tilliti til mats á stærð, kostnaði og breyttum aðstæðum í millilandaflugi Íslendinga. Nefndin skal ennfremur endurskoða fyrirhugaða byggingaráfanga og gæðakröfur. Núverandi flugstöð var endurbætt á árinu. Var hún öll klædd ytra og tækjabúnaður við öryggisleit aukinn og endurbættur.

Átak var gert í umhverfismálum er snerta flugvöllinn og nágrenni hans. Var skipað á árinu umhverfisnefnd fyrir varnarsvæðin og unnið að þeim málum. Sérstök könnun var gerð á ásigkomulagi eldsneytisgeyma varnarliðsins á vegum Siglingamálastofnunarinnar og í framhaldi af því starfi vinnur samvinnufnd á vegum ráðuneytisins og varnarliðsins að könnun og undirbúningi á byggingu nýs kerfis eldsneytisgeyma í stað þess er nú er.

Ákveðið hefur verið að gera þá breytingu á löggæslu í Grænáshliði Keflavíkurlugvallar, að íslenskir lögreglumenn annist þar einir löggæslu og eftirlit, eins og verið hefur í aðalhlíði vallarins frá 1. nóvember 1973. Stefnt er að því, að þessi breyting verði komin að fullu til framkvæmdar í júní n. k. og verður þá svokölluðu Turner-hliði jafnframt lokað.

Rekstur Fríhafnarinnar skilaði ríkissjóði af nettó-hagnaði um 350 milljónum króna, en fyrirjábanlegt er að rekstur Fríhafnarinnar mun dragast saman að einhverju leyti vegna breytinga á áætlanaflogi Flugleiða h. f.

Hagkvæmnisathugun var gerð á rekstri lögreglustjóraembættisins og hafa verið gerðar breytingar á vaktaskipun og vinnutilhögun sem horfir til sparnaðar í útgjöldum. Rekstrarútgjöld embættisins nema um 600 milljónum, en heildarinnheimta var yfir 1,4 milljarðar, sem er um 99% af álögdum þinggjöldum.

Starfsemi varnarliðsins var með svipuðum hætti og árið áður og íslenskir starfsmenn á vegum þess voru um s. l. áramót 996.

Á vegum ýmissa verktaka á Keflavíkurlugvelli voru um s. l. áramót 754 starfsmenn og 191 starfsmaður við ýmsar ríkisstofnanir þar.

V. Hafréttarmál.

Snemma árs 1979 lagði þáverandi ríkissjórn fyrir Alþingi frumvarp að heildarlöggjöf um landhelgismál. Var það samþykkt samhljóða í maí sama ár og hinn 1. júní 1979 tóku síðan gildi lög nr. 41 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Á síðastliðnu ári var haldinn 8. fundur þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Fyrri hluti fundarins var haldinn í Genf dagana 19. mars til 27. apríl og seinni hlutinn í New York dagana 19. júní til 24. ágúst. Haldið var áfram að fjalla um sjö málefni sem talið var brýnast að ná samkomulagi um. Við lok Genfar-fundarins voru gefin út endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála þar sem m. a. var að finna málamiðlunarákvæði um réttindi landluktra og „landfræðilega afskiptra“ ríkja og um lausn deilumála varðandi fiskveiðar í efnahagslögsögu.

Á fundinum í New York var haldið áfram viðræðum um málefni sem varða alþjóðahafsbotsvæðið, ytri mörk landgrunnsins og skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrenna-ríkja. Ekki tókst að ná samkomulagi um þau mál.

Fyrri hluti 9. fundarins var síðan haldinn í New York dagana 28. febrúar til 3. apríl. Talsverður árangur náðist á fundinum varðandi þau mál, sem hlotið hafa forgangsathugun síðustu tvö árin og var ákveðið að gefa út önnur endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála.

Síðari hluti 9. fundarins verður haldinn í Genf dagana 28. júlí til 29. ágúst.

Jan Mayen.

Síðastliðið sumar, dagana 29.—30. júní, fóru fram í Reykjavík formlegar samningaviðræður Íslendinga og Norðmanna varðandi Jan Mayen. Samkomulag náðist þá ekki og var áformað að viðræður héldu áfram síðar á árinu. Þeim varð að fresta tvívegis, fyrst vegna sveitarstjórnakosninga í Noregi og síðan stjórn málaástandsins hér, en framhaldsviðræður fóru síðan fram nú um miðjan apríl.

Sá þáttur Jan Mayen málsins, sem einkum hefur rekið á eftir samkomulagi, er loðnuveiðarnar. Norðmenn hófu veiðar á loðnu við Jan Mayen sumarið 1978, en einmitt um svipað leyti komu fram fyrstu ábendingar fiskifræðinga um að takmarka þyrfti sókn í loðnustofninn honum til verndar. Þarna er um að ræða hagsmunaárekstur sem miklu skiptir fyrir afkomu íslenska þjóðarbúsins, því að loðnuveiðarnar hafa náð því að skapa um fimmting af verðmæti íslensks sjávaraflla og loðnumagnið verið u. þ. b. 60% þess er á land hefur verið fært.

Að öðru leyti snýst málið svo sem kunnugt er, einkum um það, að tryggja áframhaldandi möguleika Íslendinga til annarra fiskveiða á svæðinu, svo og réttindi á landgrunninu utan 200 mílna — en ekki þykir útilokað að olía eða önnur verðmæti kunni þar að finnast.

Norðmenn gera kröfu til fiskveiði- eða efnahagslögsögu umhverfis Jan Mayen, en hafa þó lýst yfir að þeir vilji taka sanngjarnt tillit til hagsmuna Íslendinga.

Í málinu hefur verið haldið uppi kynningarstarfsemi, einkum að því er varðar loðnuveiðarnar og sögulega hlið málsins, m. a. vakin athygli á að Íslendingar áskildu sér með formlegum hætti þegar á árinu 1927 jafnrétti við þegna hvaða ríkis sem væri til nýtingar á auðlindum Jan Mayen og er ekki kunnugt um slíkan fyrirvara af hálfu annarra þjóða.

Sum lögfræðileg atriði sem snerta eða snert géta málið hafa verið til meðferðar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Í viðræðunum hér dagana 14.—15. apríl þókaðist málið nokkuð áfram en lausn þess er vandasöm. Ákveðinn var nýr fundur í Osló á tímabilinu 7.—10. maí n. k. Ekki er hægt að segja fyrir um árangur.

Veiðar útlendinga við Ísland.

Þrjú samningar um fiskveiðiheimildir erlendra manna við Ísland eru nú í gildi:

1. Samningur við Færeyinga, sem upphaflega var gerður 1976, en breytt þannig á s. l. ári, að hámark þorskaflans í heildarafla var lækkað. Nú hafa Færeyingar heimild til að veiða hér við land 17.000 lestir á ári og þar af skal þorskaflinn ekki fara yfir 6.000 tonn.

2. Samningur við Belga, sem gerður var 1975, en síðan breytt nokkuð á s. l. ári. Þá var aflahámarkið lækkað úr 6.500 í 5.000 tonn og skal þorskaflinn ekki vera umfram 15%, þ. e. 750 tonn. Nýlega hefur síðan verið gengið frá viðbótarsamkomulagi um tilkynningarskyldu og gerð aflaáætlana fyrir árið til þess að auðvelda eftirlit með þessum veiðum. Átta litlir og fremur gamlir togarar hafa nú leyfi til að stunda þessar veiðar við Ísland, allir frá Oostende.

3. Samningur við Normenn frá 1976 um línu- og handfæraveiðar við Ísland. Samkvæmt honum hefur verið ákveðið, að heildaraflinn Norðmanna megi vera 2.000 lestir á þessu ári, þar af ekki meira en 300 tonn þorskur.

VI. Flugmál.

Flugmál hafa verið í sviðsljósi undanfarna mánuði. Eftir nær aldarfjórðungs arðbært flug Loftleiða h.f. og síðar Flugleiða h.f. á flugleiðinni milli Luxembourg og Bandaríkjanna, hafa veður skipast í lofti og er nú tvísýnt um framhaldið. Flugleið þessi hefur verið veigamikill þáttur í atvinnugrein, sem við Íslendingar höfum verið stoltir af. Flug þetta hefur skilað arði og gjaldeyrstekjum í þjóðarþúið og verið ein af undirstöðum uppbyggingar ferðamála hér á

landi. Fjöldi landsmanna byggir lífsafkomu sína á störfum beint og óbeint tengdum þessum flugrekstri. Það er því ekki að ófyrirsynju, að íslensk stjórnvöld hafa að undanförmu reynt að stuðla að því að þessi flugrekstur geti þróast áfram.

Að undanförmu hafa verið tíðir fundir íslenskra embættismanna með stjórnvöldum í Luxembourg ásamt fulltrúum Flugleiða. Þáttaskil urðu í þeim viðræðum hinn 24. mars. s. l. er viðræðunefndir undir forystu samgönguráðherra beggja landa komu sér saman um tillögur um opinberan stuðning við N.-Atlantshafsflugið, m. a. tímabundna niðurfellingu lendingargjalda. Tillögur þessar eru þegar þetta er ritað til meðferðar hjá ríkisstjórnnum landanna.

VII. Þróunaraðstoð.

Aðstoð Íslendinga við þróunarlönd er ennþá mun minni en vera skyldi. Þar stefnir þó í rétta átt. Á fundi hinn 29. janúar s. l. ákvað þáverandi ríkisstjórn, að höfðu samráði við þingflokkan og aðra aðila, að ráðast í aðstoð við Cape Verde á sviði fiskveiða. Tilmæli um slíka aðstoð bárust frá þessu nýsjálfstæða eyríki sumarið 1977 og hefur síðan verið unnið að athugunum og undirbúningi, m. a. hafa íslenskir sérfræðingar tvívegis farið suður þangað og fiskimálastjóri eyjanna komið hingað í heimsókn. Er aðstoðin nú um það bil að hefjast, en hún felst í því að þrjú Íslendingar, þeir Magni Kristjánsson, forstöðumaður verkefnisins, Halldór Lárusson, skipstjóri og Árni Halldórsson, vélstjóri, munu dveljast á Cape Verde um 1½ árs skeið og veita leiðbeiningar um fiskveiðar og skyld efni. Þeir hafa til starfseminnar 200 lesta stálskip — m/s „Bjart“ — sem ríkissjóður hefur keypt í þeim tilgangi. Þess er vænst að hér geti orðið um að ræða mikilsverðan vaxtarbrodd atvinnulífs og sjávarútvegs á eyjunum, þar sem hefur ríkt hörmulegt ástand vegna þurrka í meira en áratug. Þetta er annað aðstoðarverkefnið sem gerður er tvíhliða samningur um milli Íslands og þróunarríkis og hið mesta til þessa. Auk stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin tekur Fiskifélag Íslands þátt í framkvæmd málsins.

Aðstoðin við uppbyggingu fiskveiða í Kenya, sem hófst haustið 1978, fyrsta tvíhliða aðstoðarverkefnið, hefur haldið áfram. Hefur Baldvin Gíslason, skipstjóri, dvalist í Mombasa við ýmis leiðbeiningarstörf og haft til afnota stálskipið m/s „Shakwe“, 120 smálestir. Ýmsar tafir hafa orðið, m. a. vegna ásigkomulags skipsins í upphafi, en nokkur árangur engu að síður náðst og stjórnvöld þar syðra lokið lofsorði á störf Baldvins. Ekki hefur verið ákveðið hvort verkefninu verður haldið áfram þegar samningstímabilinu lýkur í ágúst n. k.

Auk þessara tvíhliða verkefna er Ísland aðili að norrænum aðstoðarverkefnum á sviði landbúnaðar o. fl. í Kenyu, Tanzaníu og Mozambique, svo og norrænni aðstoð í tengslum við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) til eflingar fjölmiðlun í Afríku. — Í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs 5/1977 hefur nýlega verið samín skýrsla um samstarf Norðurlandanna á sviði þróunaraðstoðar, sem átt hefur sér stað á grundvelli samnings þeirra frá 18. júlí 1968, með tilliti til hugsanlegrar eflingar þess. Einnig er nú í framhaldi ályktunar Norðurlandaráðs 14/1978 unnið að tillögugerð varðandi betri nýtingu sjávarafurða í þarfir þróunarríkanna. Er dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur, í starfshópi um síðastnefnt efni.

Á s. l. ári dvöldust hér á landi 4 styrkþegar frá Filippseyjum og Kína til þjálfunar og uppfræðslu á sviði jarðhitaleitar og -nýtingar hjá jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem dr. Ingvar Birgir Friðleifsson veitir forstöðu á vegum Orkustofnunar. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og háskólans sem tók gildi 1. mars 1979 og var þetta því fyrsta starfsár skólans. Von er á 7 styrkþegum hingað á þessu ári frá áðurnefndum löndum og auk þess Indlandi, El Salvador og Honduras. Jafnframt gegnir jarðhitaskólinn hér því lykilhlutverki á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) að annast starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafar- og samvinnunefndar um jarðhitapjálfun á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

Á nýsamþykktum fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar aukist úr 393,1 milljón króna árið 1979 í 737,1 m. kr. á þessu ári, eða úr 0,048% af áætlaðri þjóðarframléiðslu í 0,061%. Nánar vísast um framlög þessi til yfirlits sem fylgir skýrslu þessari, en þar munar nú mest um Cape Verde aðstoðina, sem veittar eru til 280 milljónir króna, auk lántöku vegna skipskaupa. Verulegur hluti heildarframlagsins til þróunaraðstoðar fer enn í gegnum fjölpjódastofnanir, en stefnan er sú að aukning framlaga renni fyrst og fremst til tvíhliða verkefna sem miða að því að miðla íslenskri sérfræðiþekkingu og reynslu til þróunarlandanna bæði í formi tækniþjónustu og hagnýtra framléiðsluvara.

Nú fer að nálgast áratug síðan lögin nr. 20/1971 um aðstoð Íslands við þróunarlöndin voru sett og eru þau því til sérstakrar skoðunar í ljósi fenginnar reynslu og fyrirsjáanlegrar þróunar á þessu sviði.

Neyðarhjálp ýmiskonar, er einkum beinist að þjóðum sem skemmra eru á veg komnar í efnahagslegri þróun eða orðið hafa fyrir náttúruhamförum, óx verulega á s. l. ári. Þar ber hæst þá ákvörðun að veita viðtöku til búsetu hér 34 flóttamönnum frá Vietnam. Þeim hefur gengið vonum framar að aðlagast aðstæðum hér svo ólíkar sem þær eru heimalandi þeirra. Ríkisstjórnin fól Rauða krossi Íslands að annast framkvæmdir í máli þessu í samráði við stjórnvöld og verður þeim brátt að mestu lokið. Hefur RKÍ unnið mikið starf í þessu sambandi og á fyrir það viðurkenningu skilið.

VIII. Utanríkisviðskiptin 1979.

Framkvæmd utanríkisviðskipta er að langmestu leyti á vegum viðskiptaráðuneytisins, og er eftirfarandi yfirlit frá því komið.

Árið 1979 var hagstætt fyrir utanríkisviðskiptin í heild. Verðmæti útflutningsins jókst um 22% miðað við dollara og innflutningsins um 22%. Annað árið í röð var vöruskiptajöfnuðurinn jákvæður, ef innflutningur eins og útflutningur reiknast á fob verði. Birgðir útflutningsvara jukust á árinu, en aftur á móti höfðu þær minnkað á árinu 1978.

Markaðir fyrir íslenskar útflutningsvörur voru yfirleitt góðir. Þó heimiluðu stjórnvöld Nígeríu ekki ný skreiðarkaup á árinu 1979 og hefur það valdið framleiðendum vissum erfiðleikum. Hins vegar voru næstum engar óseldar skreiðarbirgðir í landinu í ársbyrjun og tekist hefur að selja nokkuð af framléiðslu ársins til Ítalíu og annarra kaupenda. Þess er vænst, að stjórnvöld í Nígeríu taki fljótlega til endurskoðunar afstöðu sína til innflutnings á skreið.

Í janúarlök 1979 fór Svavar Gestsson, viðskiptaráðherra, til Portúgal til að greiða fyrir sölu á saltfiski þangað. Í viðræðunum er af hálfu portúgalskra stjórnvalda lögð mikil áhersla á aukna sölu á portúgölskum vörum og þjónustu til Íslands til þess að auðvelda kaup á saltfiski. Sá árangur, sem náðst hefur á því sviði, átti þátt í því, að saltfisksamningur tókst síðar á árinu, og var öll framléiðsla ársins seld til Portúgals og annarra landa. Vegna stórauðs innflutnings frá Portúgal og heldur batnandi efnahagsástands þar, eru horfur góðar á áframhaldandi saltfisksöllum þangað.

Í fyrra voru olíuverðhækkanirnar og áhrif þeirra á viðskiptakjör eflaust stærsta viðskiptavandamálið. Eins og kunnugt er, hefur á undanförunum árum verð á olíuvörum keyptum til Íslands verið yfirleitt háð skráningu á hinum s. k. Rotterdammarkaði. En vegna skorts á olíuvörum hækkaði þetta verð miklu meira á árinu 1979 en verð almennt á olíuörkuðum nágrennaríkanna.

Megnið af olíuvörum hefur verið keypt af Sovétríkjunum samkvæmt árlegum samningi viðskiptaráðuneytisins og Sojuznefteexport, sem framseldur hefur verið íslensku olíufélögum. Reynt var að fá sovéska fyrirtækið til að fallast á hagstæðari verðviðmiðun en Rotterdamskráninguna, en tókst ekki. Ekki var heldur hægt á árinu 1979 að útvega olíuvörur frá öðrum olíufyrirtækum á hagstæðara verði. Ríkisstjórnin skipaði um mitt árið olíuviðskipta-

nefnd til að athuga möguleika á hagstæðari olúkaupum heldur en samið var um við sovéska olúfélagið. Helsti árangur af starfi nefndarinnar var, að breska ríkisolíufélagið British National Oil Corporation gaf vilyrði um afgreiðslu á gasolíu á stöðugra verðlagi, en þó ekki fyrr en á seinna misseri þessa árs. Eru nú horfur á því, að fljótlega verði gengið frá samningi um kaup á gasolíu fyrir um það bil helming af þörfum landsins á tímabilinu 1. júlí 1980 til ársloka 1981.

Í viðskiptaviðræðum, sem fram fóru í Moskvu í september 1979, voru olíumálin og frekari sölur á íslenskum vörum til Sovétríkjanna aðalræðuefnið. Enn fremur voru ræddar hugmyndir að nýjum 5 ára viðskiptasamningi Íslands og Sovétríkjanna, sem tæki gildi þegar núverandi viðskiptasamningur rennur út um næstu áramót.

Á árinu 1979 fóru einnig fram formlegar viðskiptaviðræður um framkvæmd viðskiptasamninganna við Pólland, Tékkóslóvakíu og Þýska alþýðulýðveldið. Viðskiptin við þessi lönd eru í nokkuð föstum hefðbundnum skorðum og bein afskipti stjórnvalda af þeim minni en oft áður.

Verndartollar á vörum frá öðrum aðildarríkjum EFTA og EBE-ríkjum lækkuðu niður í 0 hinn 1. janúar 1980 eins og um hafði verið samið. Er aðlögunartími Íslands því liðinn. Tollfríðindi til handa Íslandi af hálfu EFTA-landanna komu til framkvæmda hinn 1. mars 1970. Tollfríðindi EBE-ríkjanna á iðnaðarvörum komu almennt til framkvæmda í áföngum á tímabilinu 1. apríl 1973 — 1. júlí 1977 en á sjávarafurðum samkvæmt bókun nr. 6 við viðskiptasamninginn við bandalagið hinn 1. júlí 1976.

Á árinu 1979 nam útflutningur Íslands til EFTA-landa 38 027.0 milljónum kr. eða 108.0 milljónum Bandaríkjadala samkvæmt meðalgengi en innflutningur til Íslands frá EFTA-löndunum nam 66 223.1 milljón kr. eða 187.7 milljónum dala. Miðað við árið 1978 jókst útflutningur Íslands til EFTA-landanna um 28.4% í dölum talið en innflutningur frá EFTA-löndunum jókst um 25.2% í dölum. Útflutningurinn til EFTA-landa 1979 var 13.7% af heildarútflutningi Íslendinga (12.9% árið 1978) en innflutningur frá EFTA-löndum árið 1979 var 22.7% af heildarinnflutningi Íslendinga (22.2% árið 1978).

Á árinu 1979 nam útflutningur Íslands til EBE-ríkja 107 505.8 milljónum kr. eða 305.3 millj. Bandaríkjadala samkvæmt meðalgengi en innflutningur til Íslands frá EBE-ríkjunum nam 135 318.3 milljónum kr. eða 383.4 milljónum dala. Miðað við árið 1978 jókst útflutningur Íslands til EBE-ríkjanna um 46.6% í dölum talið en innflutningur frá EBE-ríkjunum jókst um 20.2% í dölum. Útflutningurinn til EBE-ríkjanna 1979 var 38.6% af heildarútflutningi Íslendinga (32.1% árið 1978) en innflutningur frá EBE-ríkjunum árið 1979 var 46.5% af heildarinnflutningi Íslendinga (47.2% árið 1978).

Útflutningur Íslands til EFTA- og EBE-landa hefur aukist um 646% frá 1969 til 1979 (úr 55.4 í 413.3 milljónir Bandaríkjadala) en innflutningurinn á sama tíma um 670% (úr 74.1 í 571.0 milljón dala). Útflutningur Íslands til annarra landa hefur á sama tímabili aukist um 621% (úr 52.3 í 377.5 milljónir Bandaríkjadala) en innflutningurinn um 555% (úr 38.8 í 254.4 milljónir dala).

Eins og vikið var að í síðustu ársskýrslu eru tollfríðindi á íslenskum sjávarafurðum og iðnaðarvörum í EBE- og EFTA-löndum okkur Íslendingum mikils virði. Einkum hefur bókun nr. 6 við viðskiptasamning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gekk í gildi hinn 1. júlí 1976 og tekur til sjávarafurða haft vaxandi gildi fyrir okkur.

Á árinu 1979 voru fluttar út sjávarafurðir sem tollfríðinda nutu í EBE-ríkjum fyrir um 52.3 milljarða króna og má lauslega áætlað meta tollaívilnanir af þessum útflutningi á um 4.7 milljarða króna. Tollaívilnanir af útflutningi iðnaðarvara til EBE-ríkja á árinu 1979, sem var að verðmæti um 35.1 milljarður króna, má meta á um 2.7 milljarða króna. Samtals verða því tollaívilnanir EBE-ríkja á sjávarafurðum og iðnaðarvörum á árinu 1979 metnar á 7.4 milljarða króna. Má telja að þessi tollfríðindi hafi að miklu leyti komið Íslandi til góða í hækkuðum útflutningstekjum.

Helstu tollaívilnanir á útflutningsvörum Íslands til EBE-ríkjanna á árinu 1979 má meta sem hér segir (í milljónum króna):

a) Fryst fiskflök	2 066
ísfiskur	1 181
fryst rækja	608
lagmeti	292
b) ál	1 940
ullarvörur	432
kísiljárn	331

Mesta aukningin í útflutningi á sjávarafurðum til EBE á milli árána 1978 og 1979 hefur verið í ísfiski, frystum fiskflökum og lagmeti, um tvöföldun í krónutölu. Sama má segja um skinn og þrjónavörur úr ull en útflutningur á áli hefur mun meira en tvöfaldast í krónum talið.

Erfiðara er að reikna út ávinning af tollalækkunum vegna útflutnings til EFTA-landanna þar eð mismunandi tollar gilda í þeim löndum en ekki einn ytri tollur fyrir hverja vörutegund eins og í EBE. Samt er ljóst að tollfríðindi í EFTA-löndunum skipta minna máli en tollfríðindin í EBE.

Í febrúar 1980 hófust samingaviðræður einstakra EFTA-landa og Efnahagsbandalags Evrópu um viðbótarbókun við viðskiptasamninga landanna við EBE vegna aðildar Grikklands að bandalaginu frá og með 1. janúar 1981. Viðskipti Íslands við Grikkland felast svo til einvörðungu í útflutningi íslensks saltfisks. Árið 1979 nam útflutningurinn 4 661 tonni að verðmæti 3 183,6 milljónir króna (9 milljónir Bandaríkjadala á meðalgengi). Standa vonir til að útflutningur saltfisks til Grikklands verði tollfrjáls frá 1. janúar 1981 svo sem til EBE-ríkja nú.

Á árinu 1979 samþykkti ráð EFTA að heimila 3% aðlögunargjald sem lagt yrði á fríverslunarvörurnar til að aðstoða vissar iðngreinar sem átt höfðu í erfiðleikum á síðustu stigum tollalækkanna. Ráðsákvörðunin miðaðist við tímabilið 1. júlí 1979 — 31. desember 1980 en þá fellur aðlögunargjaldið niður samkvæmt lögum þar að lútandi. Þá samþykkti ráðið að innborgunargjald af innfluttum húsgögnum o. fl. sem samkvæmt auglýsingu nr. 1 frá 1979 skal gilda frá 8. janúar 1979—31. desember 1980 skyldi heimilt frá 8. janúar 1979 — 8. júlí 1980. Á árinu 1978 samþykkti ráðið að heimila 3% jöfnunargjald til að bæta fyrir uppsöfnuð áhrif söluskatts en búist var við því að gjaldið félli niður á árinu 1980 við upptöku virðisauka-skatts. EBE hefur ekki samþykkt neitt þessara gjalda. Telur bandalagið aðlögunargjaldið brot á grundvallarreglu viðskiptasamningsins og því beri að afnema það. Þá er EBE sérstaklega andvíg því að tvenns konar álögur séu lagðar á sömu vöruna, þ. e. húsgögn o. fl., en auk aðlögunargjaldsins er innborgunarskylda á innfluttum húsgögnum. Búast má þó við að EBE líði þessar álögur þann tíma sem eftir er af gildistíma reglna þar um.

Fríverslunarsamningur EFTA-landanna og Spánar sem undirritaður var í Madrid hinn 26. júní 1979 var fullgiltur af Íslands hálfu í desember 1979 að fenginni heimild Alþingis hinn 20. s. m. Er búist við að Spánn fullgildi samninginn í apríl eða maí 1980 og tollalækkar komi til framkvæmda um tveimur mánuðum síðar. Samkvæmt samningi þessum lækka verndartollar á flestum iðnaðarvörum frá Spáni um 60% miðað við grunntolla hinn 1. janúar 1978. Spánn mun hins vegar lækka tolla á sumum iðnaðarvörum frá EFTA-löndunum um 60% og á öðrum um 25%. Að frumkvæði Íslands fékkst tekinn upp viðauki við sjálfan samninginn sem fjallar um fríverslun með fisk og fiskafurðir og munu tollar á saltfiski sem var 96.1% af útflutningi okkar til Spánar árið 1978 lækka um 25%, þ. e. úr 10% í 7.5%. Þegar Spánn verður aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, hugsanlega árið 1983, mun samningurinn falla sjálfkrafa úr gildi en við taka fríverslunarsamningar hvers EFTA-lands um sig við bandalagið með óhjákvæmilegum breytingum.

Hinn 30. júní 1979 var gengið frá Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT). Bókunin er árangur marghliða viðskiptaviðræðna á vegum GATT á árunum 1973—1979 — Tókýóviðræðnanna — en þær viðræður voru umfangsmeiri en nokkrar aðrar viðskiptaviðræður á vegum GATT til þessa. Tillaga til þingsályktunar um aðild Íslands að bókuninni sem lögð var fyrir Alþingi í janúar 1980 og samþykkt þar hinn 11. mars 1980 mun leiða til nokkurra tollalækkana á ýmsum útflutningsvörum Íslands á tímabilinu 1980—1987. Þar undir fellur mikilvægasta útflutningsvara okkar, fryst flök (önnur en blokkfryst flök) sem flutt eru út á Bandaríkjamarkað en tollalækkun á frystum flökum yrði röskar 200 milljónir króna árið 1987 miðað við núverandi gengi. Almennar tollalækkunar Íslendinga á árunum 1973—1978 til að girða fyrir óeðlilegan mun á tollum frá fríverslunarlöndum og öðrum löndum voru viðurkenndar sem framlag Íslands til tollalækkana í Tókýóviðræðunum og verður því ekki um að ræða neinar sérstakar tollalækkunar af Íslands hálfu á grundvelli bókunarinnar miðað við íslensku tollskrána í dag. Auk Genfarbókunarinnar 1979 um tollalækkunir var í Tókýóviðræðunum gengið frá nokkrum samningum, m. a. fimm samningum vegna viðskiptatálma, annarra en tolla, en þeir samningar eru í athugun.

Snemma á árinu 1980 var skipuð nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar sem er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar og var efnt til könnunarviðræðna við forráðamenn stofnunarinnar í París í febrúarlök. Unnið er að skýrslugerð í málinu.

IX. Utanríkisþjónustan almennt.

Með sambandslögunum 1918 fengu Íslendingar ákvörðunarvald í utanríkismálum sínum, en jafnframt var ákveðið að Danir skyldu fara með þessi mál í umboði Íslendinga. Á fjórða áratugnum hófu nokkrir Íslendingar störf í dönsku utanríkisþjónustunni til undirbúnings því að Íslendingar tækju sjálfir að sér gæslu þessara hagsmuna þegar sambandsáttmálinn félli úr gildi. Áður en að því kæmi olli hernám Þjóðverja því, að Danir gátu ekki lengur farið með utanríkismálin fyrir Íslands hönd. Hinn 10. apríl 1940 samþykkti Alþingi þingsályktunartilöggu um, að Íslands skyldi að svo stöddu taka meðferð utanríkismála í sínar hendur. Á grundvelli þessarar þingsályktunar voru síðan gefin út bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis hinn 8. júlí 1940. Öðluðust þessi lög þegar gildi og verður utanríkisþjónustan því 40 ára gömul hinn 8. júlí næstkomandi.

Íslensk sendiráð og fastanefndir eru á 11 stöðum erlendis og hefur tala þeirra verið óbreytt undanfarinn áratug. Þessir staðir eru: Bonn, Brussel, Genf, Kaupmannahöfn, London, Moskva, New York, Osló, París, Stokkhólmur og Washington. Útsendir starfsmenn eru 39 og jafnframt eru tveir sérstakir viðskiptafulltrúar, annar í New York og hinn í París. Loks eru nokkrir starfsmenn ráðnir til aðstoðarstarfa í þeim borgum, þar sem hlutaðeigandi sendiráð starfa, og hlíta þeir ekki flutningsskyldu eins og útsendir starfsmenn. Flestir sendiherrar okkar fara með fyrirsvar fyrir Ísland í fleirum en einu ríki. Alls eru þau ríki sem við þannig höfum sendiherra hjá 51 að tölu, þar af er sendiherra hjá fjarlægum þjóðum, með búsetu í Reykjavík, fulltrúi Íslands í 8 Asíulöndum og annar sendiherra í ráðuneytinu fer með fyrirsvar gagnvart Vatíkanríkinu auk Evrópuráðsins.

Eins og fram kemur hér að ofan eru sendiráð og fastanefndir Íslands eingöngu í Vestur-Evrópu, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Þetta eru að sönnu takmörkuð svæði þegar litið er á alla heimsbyggðina, en þess ber þá jafnframt að gæta, að til viðbótar sendiráðsskrifstofum hefur Ísland í sinni þjónustu u. þ. b. 180 ólaunaða ræðismenn, sem gæta hagsmuna Íslands og íslenskra ríkisborgara í fjölmörgum ríkjum víða um heim.

Ef litið er á helstu málaflokka, sem sendiráðum okkar ber einkum að sinna skv. nógildandi lögum um utanríkisþjónustu Íslands, þ. e. stjórnsmál og öryggismál, utanríkisviðskipti,

menningarmál og aðstoð við Íslendinga, þá kemur einnig í ljós, að staðarval fyrir sendiráð okkar hefur ekki verið tilviljunum háð.

Öll sendiráðin fylgjast í umdæmislöndum sínum með þróun stjórnmála, efnahagsmála, menningarmála og annarra þeirra mála, sem þau telja að gagnlegt sé fyrir íslensk stjórnvöld að fá vitneskju um. Jafnframt afla þau margvíslegra upplýsinga fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir varðandi framkvæmd ýmissa málefna, t. d. vegna undirbúnings að lagasetningu hér á landi. Slíkar fyrirgreiðslur eru verulegur þáttur í starfi sendiráða okkar á Norðurlöndum, Bretlandi og í Pýskalandi. Öryggismál koma verulega til kasta fastanefndarinnar hjá NATO í Brussel og að nokkru sendiráðsins í Washington. Viðskiptamál eru stór þáttur í starfi allra sendiráða okkar og jafnvel aðalstarf sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar hjá EFTA í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og sendiráðsins í Washington og viðskiptaráðunauti þess í New York. Önnur alþjóðamál koma síðan til kasta flestra sendiráðanna, einkum þó fastanefndanna í New York, Brussel og Genf.

Þegar litið er á viðskiptin við útlönd kemur í ljós, að á árinu 1979 fóru tæp 70% heildarútflutnings Íslendinga til þeirra ríkja í Evrópu og N-Ameríku, þar sem Ísland hefur sendiráð. U. þ. b. 70% innflutningsins koma einnig frá þessum ríkjum. Jafnframt er stjórnmálasamband við öll önnur ríki Evrópu og N-Ameríku. Gæta þessi íslensku sendiráð hagsmuna okkar í þeim öllum og sendiherrar okkar heimsækja þessi lönd bæði reglulega og þegar einhverjir sérstakir hagsmunir krefjast þess, svo sem viðskiptasamningar eða ágreiningur um framkvæmd viðskipta. Til þessara ríkja fara 25% af útflutningi okkar og þaðan koma nær 20% innflutningsins. Samtals fara því 95% af heildarútflutningi Íslendinga til ríkja Evrópu og N-Ameríku og þaðan koma um 90% innflutningsins. Utan Evrópu og N-Ameríku eru það einkum tvö lönd, sem Íslendingar hafa viðskipti við, Japan og Nígíría. Sendiherra okkar hjá Japönum hefur aðsetur í Reykjavík, en fer venjulega tvisvar á ári til Japan. Sendiherra Íslands í London er jafnframt sendiherra í Nígíríu og fer þangað nokkuð reglulega, einkum til að sinna viðskiptahagsmunum.

Þegar framangreindar staðreyndir eru hafðar í huga, svo og það, að Íslendingar, sem dveljast erlendis við störf eða nám eru langflestir búsettir í nálægum Evrópuríkjum eða Norður-Ameríku, þá verður að ætla að staðarval fyrir þau hlutfallslega fáu sendiráð, sem við teljum okkur af kostnaðarástæðum fært að halda úti, hafi ráðist af raunverulegri þörf fyrir þau einmitt á þessum stöðum.

Samstarf við þjóðir þriðja heimsins hefur einkum verið rækt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annara alþjóðastofnana. Þróunarástæð hefur bæði farið um alþjóðastofnanir, norræn þróunarverkefni og nú á síðustu tímum í tvíhliða samstarfi við þróunarlönd, einkum Cape Verde og Kenya með aðstoð og milligöngu sendiherra okkar hjá þessum ríkjum, sem aðsetur hafa í París og Genf. Hvergi hefur komið fram hjá fulltrúum einstakra Afríkuríkja að þau telji sér sérstakan hag í íslensku sendiráði í Afríku, ef það er í einhverju öðru Afríkuríki og sama máli má ætla að gegni um ríki Suður-Ameríku. Samgöngum er reyndar einnig þannig háttáð enn í dag, að fljótlega er að fara til flestra Afríkuríkja frá helstu borgum Evrópu en frá næstu nágrennaríkjum.

Kostnaður við rekstur hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu nemur um hálfum hundraðshluta af ríkisútgjöldum og hefur hlutdeild hennar farið fremur lækkandi með auknum ríkisumsvifum. Öll sendiráðin eru rekin með algjörum lágmarksfjölda starfsmanna, þ. e. sendiherra ásamt yfirleitt aðeins einum fulltrúa, tveimur riturum og aðstoðarmanni. Er vinnuálagið á embættismenn þjónustunnar víða orðið verulega meira en með góðu móti verður til ætlast, m. a. vegna tímafrekrar gæslu hagsmuna í öðrum umdæmislöndum.

Ég mun ekki, að þessu sinni, fara fleiri orðum um þennan málaflökk. Hins vegar vil ég ljúka þessari fyrstu skýrslu minni um utanríkismál með því að segja, að þegar litið er yfir farinn veg á fjórtíu ára afmæli íslenskrar utanríkisþjónustu hljóti það að vera sanngjarnna manna dómur, að vel megi við una.

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1973—1980 (í þús. kr.).

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980 ¹⁾
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	5 392	6 040	9 688	12 943	16 000	17 600	27 966	36 391
2. Alþjóðframfarastofnunin (IDA)	15 392	21 392	54 028	43 863	80 000	60 397	140 397	114 000
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal					74 000	38 000	54 000	96 000
4. Aðstoð Íslands við þróunarlöndin	5 013	7 143	10 299	12 524	25 115	40 000	71 000	415 000 ²⁾
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjárukning						90 000		
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild							33 200	45 600
Alls	25 682	34 575	74 015	69 330	195 115	245 997	326 563	706 991
B. Önnur aðstoð, reglubundin framlög³⁾								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	1 669	2 400	2 169	2 915	3 517	4 000	5 930	7 092
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	394	351	714	775	1 154	1 160	2 596	3 199
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	1 288	1 003	1 349	1 577	1 972	2 130	5 180	7 998
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	1 013	1 193	1 984	2 408	2 761	2 890	6 043	6 454
5. Flóttamannaráð Íslands		800	1 050	555	425	425	43 425 ⁴⁾	800
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	623	982	1 600
7. Alþjóðanefnd Rauða krossins	126		278	675	407	853	1 443	1 398
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	623	982	1 600
Alls	4 658	5 919	7 842	9 253	10 622	12 704	66 581	30 141
Þróunaraðstoð samtals	30 340	40 494	81 857	78 583	205 737	258 701	393 144	737 132
Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0,032%	0,029%	0,044%	0,030%	0,056%	0,045%	0,048%	0,061%

Skýringar:

- 1) Skv. fjárlögum.
- 2) Þar af vegna aðstoðar við Cabo Verde-eyjar til uppbyggingar fiskveiða 280 000.
- 3) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.
- 4) Þar af 4 2 000 vegna móttöku flóttamanna frá Vietnam.